

Jafnrétt



Blað gefið út í tilefni af 10 ára afmæli Jafnréttisstofu í september 2010

Ný framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum

Lögð hefur verið fram tillaga að nýrri framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum fyrir tímabilið 2010-2014. Undanfarna mánuði hefur almenningi gefist kostur á að koma athugasemdamálaráðuneytið en nú fer tillagan inn á Alþingi til formlegrar meðferðar.

Tillagan er í 60 liðum sem endurspeglar bæði áherslu stjórnvalda á málaflokkinn og þá brýnu þörf sem er á aðgerðum á ýmsum sviðum. Áætlunin er nýstárleg að því leyti að henni er skipt upp eftir þemum og er inngangur að hverjum kafla þar sem dregin er upp mynd af stöðu mála. Síðan eru einstök verkefni tíunduð.

Að þessu sinni er lögð mun meiri áhersla á þátttöku karla en áður og er það í samræmi við breyttar áherslur, t.d. á hinum Norðurlöndunum. Kynjajafnrétti er málefni bæði kvenna og karla.



Góð þátttaka á ráðstefnu um kynbundið ofbeldi, sem haldin var í Háskólanum á Akureyri 16. apríl 2010.

Aðgerðaáætlun gegn kynbundnu ofbeldi endurskoðuð

Unnið er að gerð nýrrar aðgerðaáætlunar gegn kynbundnu ofbeldi fyrir tímabilið 2011-2015. Í fyrstu aðgerðaáætluninni sem náði yfir tímabilið 2007-2011 var sjónum einkum beint að ofbeldi í nánnum samböndum.

Í nýrri aðgerðaáætlun verður sérstök áhersla lögð á að skoða samhengi kynbundinna ofbeldisbrota, saksóknar vegna þeirra og meðferðar í dómkerfinu, en sem kunnugt er fara afar fá mál af þessum toga alla leið í gegnum dómkerfið.

Auk þessa þarf að móta

afstöðu til meðferðar nýs sáttmála Evrópuráðsins í málaflokknum og endurskilgreina verkefni með hliðsjón af honum og verður það hluti af verkefnum nefndar um gerð nýrrar aðgerðaáætlunar.



Aðrar aðgerðir munu m.a. byggjast á niðurstöðum rannsókna sem staðið hafa yfir á ofbeldi í nánnum samböndum og einnig hvort ákveðið verði að áætlunin nái til þátta eins og nauðgana og kynferðislegrar áreitni.

Jafnréttisstofa 10 ára

Jafnréttisstofa var opnuð með pomp og prakt á Akureyri 15. september árið 2000 samkvæmt ákvæði nýrra jafnréttislaga sem gengu í gildi þetta aldamótaár. Áður var skrifstofa jafnréttismála rekin um árbil í Reykjavík. Til að byrja með voru starfsmenn Jafnréttisstofu fimm talsins.

Stofnunin flutti í nýtt húsnæði að Borgum árið 2004 en það hús er hluti af þeim byggingum sem hýsa Háskólann á Akureyri. Nálægðin við háskólann býður upp á samstarf af ýmsu tagi, t.d. hefur Jafnréttisstofa skipulagt svokölluð jafnréttistorg þar sem fræðimenn flytja erindi um

kynjajafnrétti. Nemendur HA og aðrir áhugasamir njóta góðs af. Þá hafa nokkrir starfsmenn Jafnréttisstofu verið stundakennarar í kynjafræðum og aðstoðað nemendur við ritgerðasmíð auk þess að taka á móti nemendahópum sem vilja kynna sér starf stofunnar.

Fyrir tveimur árum var haldið spennandi málþing um kynjafræðirannsóknir nemenda og kennara við HA og stendur til að endurtaka það.

Starfsmenn Jafnréttisstofu eru nú sjö en einn þeirra er með skrifstofu í Reykjavík.

Heimasíða: www.jafnretti.is

Leiðari - Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastýra -

Mikið vatn er til sjávar runnið frá því að Jafnréttisstofa tók til starfa á Akureyri 15. september árið 2000. Þá var nýbúið að endurskoða jafnréttislögin í þriðja sinn og var stefnan tekin á samþættingu kynjasjónarmiða inn í alla stefnumörkun og gerð jafnréttisáætlna í stofnunum og fyrirtækjum. Viðurkennt var að enn hallaði á konur og því var eitt af meginmarkmiðunum að bæta stöðu þeirra sérstaklega og auka möguleika þeirra í samfélaginu. Jafnframt var lögð áhersla á að auka þátttöku karla í jafnréttisstarfi. Fimm ár voru liðin frá kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Peking þar sem samþykkt var framkvæmdaáætlun sem lagði ríkjum heims margvíslegar skyldur á herðar. Nýju lögin tóku mið af því.



Þegar þarna var komið sögu var hlutur kvenna á Alþingi tæp 35%. Í sveitarstjórnnum voru konur 28% kjörinna fulltrúa. Konur höfðu verið meirihluti háskólanema í rúman áratug og sífellt fleiri konur luku háskólaprófi. Þess sá þó ekki stað í æðstu embættum eða forystu. Launamisréttið var til staðar þá sem nú en að meðaltali höfðu konur um 50% af atvinnutekjum karla. Árið 1996 var gerð rannsókn á ofbeldi í nánnum samböndum sem sýndi að um 1100 konur bjuggu við ofbeldi á ári hverju. Þessari rannsókn var þó ekki fylgt markvisst eftir og ekki minnst á kynbundið ofbeldi í nýjum jafnréttislögum.

Nú áratug síðar er enn einu sinni búið að endurskoða jafnréttislögin (nr. 10/2008) sem endurspeglar hve margt hefur gerst í málaflöknum. Í nýju lögum er enn kveðið á um að tilgangur þeirra sé að bæta stöðu kvenna sérstaklega. Mun fastar er kveðið að orði um samþættingu jafnréttissjónarmiða inn í alla stefnumótun og heimildir Jafnréttisstofu til að kalla eftir upplýsingum og beita þrýstingi eru virkari. Í fyrsta sinn er kveðið á um þá skyldu Jafnréttisstofu að vinna að forvörnum til að koma í veg fyrir kynbundið ofbeldi. Þá kveða lögin á um kvóta í opinberum nefndum, ráðum og stjórnnum. Frá því að lögin tóku gildi hefur orðið veruleg framför hvað varðar jafnan hlut kynjanna í nefndum og ráðum.

Á afmælisárinu 2010 vermir Ísland efsta sæti lista *World Economic Forum* sem mælir hvernig völd skiptast milli kynja á ákveðnu tímabili, stöðu á vinnumarkaði, menntun og heilsu. Fyrsta sætið er ekki síst að þakka forsetatið Vígdísar Finnbogadóttur sem og fjölgun kvenna á Alþingi og í ríkisstjórn og háu menntunarstigi kvenna. Ísland er eitt fárra ríkja í heiminum þar sem kona er forsætisráðherra. Konur eru nú 43% þingmanna og 40% sveitastjórnarmanna.

Auk fjölgunar kvenna í opinberum valdastöðum hefur náðst mikilvægur árangur á öðrum sviðum. Búið er að banna súlustaði og kaup á vændi sem felur í sér að það er kaupandinn sem ber ábyrgð á því að notfæra sér aðgang að líkama annarrar manneskju, jafnvel barns. Með þessum lögum gengu Íslendingar til liðs við Svía og Norðmenn sem ásamt okkur skilgreina vændi sem hluta af kynbundnu ofbeldi. Þá hefur Alþingi samþykkt kvóta í stjórnnum hlutafélaga og einkahlutafélaga sem gengur í gildi árið 2013. Þessi árangur er auðvitað gleðilegur og brýnir fyrir okkur hve mikilvægt er að við stöndum okkur, stígum fleiri skref og séum öðrum góð fyrirmynd. Að tróna í efsta sæti jafnréttislistans þýðir þó ekki að hér sé allt í himnalagi og að tíminn vinni með okkur án aðgerða.

Þann 24. október næstkomandi verða 35 ár liðin frá kvennafrídeginum eða kvenna-verkfallinu eins og sumir vilja kalla daginn sem haldinn var á kvennaári Sameinuðu þjóðanna 1975. Í ár mun fjöldi kvennasamtaka um allt land sameinast um aðgerðir til að vekja athygli á baráttumálum kvenna. Mikil áhersla verður lögð á baráttu gegn ofbeldi karla gegn konum með ráðstefnum og umræðum. Í því samhengi má minna á að ný rannsókn sýnir að um 1800 konur mega þola ofbeldi í nánnum samböndum ár hvert. Endurskoðun er að hefjast á aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar gegn kynbundnu ofbeldi þar sem mið verður tekið af nýjum rannsóknum. Einnig verður enn einu sinni minnt á mikilvægi vinnuframlags kvenna og þá staðreynd að konur hafa að meðaltali 65% af atvinnutekjum karla. Ofbeldi gegn konum og launamisréttið eru af sama meidi, hvort tveggja ber vott um valda- og virðingarmisvægi sem á rætur langt aftur í aldir. Þessu ætla konur að mótmæla og krefjast aðgerða með því að ganga út kl. 14:25 mánudaginn 25. október er þær hafa unnið 65% vinnudagsins.

Það er því verk að vinna þrátt fyrir verulegan árangur. Fjarvera kvenna við stefnumótun og stjórnun atvinnulífsins er himinhrópandi. Rannsóknir sýna að þar sem bæði kyn koma að stjórnun fyrirtækja batnar rekstur, ímynd fyrirtækja batnar sem og starfsandi. Hvað dvelur þá orminn langa? Fjarvera karla í jafnréttisumræðunni er ekki síður áberandi. Jöfn staða og jöfn tækifæri kynjanna í samfélaginu er ekkert síður mál karla en kvenna. Íslenskir karlar búa við mjög heftandi staðalímyndir um karlmennsku og hvað körlum leyfist. Einnig er staða forsjáurlausra feðra oft áhyggjuefni. Þessu er nauðsynlegt að breyta til að fleiri karlar fái notið hæfileika sinna og að réttur þeirra til að sinna börnum og búi verði almennt viðurkenndur í stað þeirrar miklu áherslu sem hér ríkir á vinnu og aftur vinnu utan heimilis. Þá er kominn tími til að aðilar vinnumarkaðarins, jafnt á opinberum markaði sem þeim almenna sýni raunverulegan vilja til að útrýma launamisrétti kynjanna. Mörg sveitarfélög hafa náð árangri á því sviði og af þeim má læra.

Að lokum skal á það minnt að tölur Tryggingastofnunar ríkisins leiða í ljós að í okkar samfélagi býr hópur aldraðra og fatlaðra kvenna við bág kjör. Þær eru mun fleiri en karlar í þessum hópum og margar gamlar konur gjalda nú lágra launa á vinnumarkaði. Fjöldi mæðra eða 2.762 fær sérstakar greiðslur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð vegna framfærslu barna meðan feður sem fá slíkar greiðslur eru 109. Þessar tölur endurspeglar lakari stöðu kvenna og að börn eru enn á ábyrgð mæðra sinna hvort sem fötlun, veikindi barna, félagsleg aðstoð eða meðlög með börnum eiga í hlut. Fátækar konur eiga sér formælendur fáa en brýnt er að bæta stöðu þeirra og þeirra þúsunda barna sem þær bera ábyrgð á. Þá er ónefnd staða kvenna af erlendum uppruna sem við vitum allt of lítið um.

Um leið og starfsfólk Jafnréttisstofu fagnar afmælinu er augljóst að spýta þarf í lófa og halda baráttunni áfram. Vonandi siglir íslenskt samfélag fljótlega út úr kreppunni þannig að vörn verði snúð í sókn. Það samfélag sem rísa mun úr rústunum verður að byggjast á jöfnuði, virðingu og jöfnum tækifærum kynjanna til að móta framtíðina og til að njóta sín í lífi og starfi.



Starfsfólk Jafnréttisstofu stundar morgunleikfimi með Halldóru Björnsdóttur í Ríkisútlitum hvern virkan dag.

15 ár frá Pekingráðstefnunni

Nú í september verða 15 ár liðin frá fjórðu kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem haldin var í Peking, höfuðborg Kína. Ráðstefnan var gríðarlega fjölmenn og sóttu hana allar helstu forystukonur heims á sviði stjórnmála, mannréttindabaráttu og kynjafraeða.

Meðal þeirra sem fluttu ávörp voru Vígdís Finnbogadóttir forseti Íslands, Hillary Clinton forsetafrú Bandaríkjanna, Benashir Butto forsætisráðherra Pakistan og Gro Harlem Brundtland forsætisráðherra Noregs. Til hliðar við ráðstefnu SP héldu frjáls félagsamtök gríðarlega fjölmennar samkomu þar sem konur alls staðar að úr heiminum báru saman bækur og vöktu athygli á málefnum eins og kynbundnu ofbeldi

á átakasvæðum, útbreiðslu alnæmis og fátækt kvenna.

Kvennaráðstefnan í Kína markaði þáttaskil, því þar var samþykkt sérstök yfirlýsing og aðgerðaáætlun í 12 köflum sem skuldbatt ríki heims til athafna til að jafna hlut kynjanna. Meðal þeirra þátta sem tekið er á í framkvæmdaáætluninni eru jöfn tækifæri til menntunar og atvinnu, kynbundið ofbeldi, kyn og umhverfismál, valdefling kvenna, heilsa og stúlkubarnið. Síðast nefnda atriðið var nýtt í samþykktum Sameinuðu þjóðanna.

Í þau 15 ár sem liðin eru hefur verið þrýst á um framkvæmdir og reglulega eru ríki heims krafín svara um hvernig gengur.

Fundur kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna í New York

Í mars síðast liðnum var haldinn 54. fundur kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna en hann er haldinn árlega. Meginefnið var árangur og áskoranir - 15 árum eftir Pekingráðstefnuna.

Þar sem um afmælisfund var að ræða mætti margt ráðamanna þar með taldir jafnréttisráðherrar frá öllum Norðurlöndunum nema Danmörku. Árni Páll Árnason félags- og tryggingamálaráðherra flutti ávarp fyrir Íslands hönd þar sem hann benti m.a. á mikla fjölgun kvenna á þingi. Tveimur dögum síðar var hægt að greina frá samþykkt Alþingis á kynjakvótum í stjórnnum fyrir-tækja sem ganga eiga í gildi 2013.

Þar er skemmt frá að segja að víða hefur náðst árangur við að draga úr kynjamisrétti, t.d. hvað varðar minni

barnadauða, læsi, fjölgun kvenna á þjóðþingum, vaxandi atvinnuþátttöku og þar með aukið efnahagslegt frelsi kvenna. Á öðrum sviðum er langt í land svo sem hvað varðar ofbeldi karla gegn konum, fátækt, launajafnrétti, valdajafnvægi, mæðradauða og baráttuna við HIV veiruna sem leggur nú mun fleiri konur en karla að velli. Á fundinum var bent á að 12. kafli Pekingáætlunarinnar hefði fallið í skuggann en hann fjallar um stúlkubarnið. Úr því verður bætt á næsta fundi en þá á að skoða stöðu stúlkubarna sérstaklega sem og tækifæri kvenna til menntunar, starfsþjálfunar, þátttöku í vísindum, fullrar atvinnuþátttöku og rétt til heiðarlegra starfa.

Kynjakvótinn virkar



Með nýjum jafnréttislögum árið 2008 var fyrsti kynjakvótinn leiddur í lög á Íslandi. Í 15. grein laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 segir: „Við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skal þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða.“

Jafnréttisstofa hefur eftirlit með framkvæmd jafnréttislaga og kallar árlega eftir upplýsingum um skipan í nefndir og ráð á vegum ráðuneyta. Þegar gögn um allar nefndir fyrir árið 2009 voru skoðuð kom í ljós að kynjahlutfallið í nefndum á vegum ráðuneytanna er nú 40% konur og 60% karlar þegar á heildina er litið. Þetta er töluverð breyting frá árinu 2004 þegar konur voru 32% nefndarmanna. Það ár var hlutfall kvenna 40% eingöngu í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Árið 2006 náði hlutfall kvenna í nefndum menntamálaráðuneytisins einnig upp í 40% viðmiðið. Árið 2009 hefur helmingur ráðuneyta, samkvæmt gögnum Jafnréttisstofu, náð „40%/

60% viðmiðinu“ og hlutfall kvenna í fyrsta skipti komið upp fyrir 50% í félags- og tryggingamálaráðuneyti.

Til þess að fá gleggri mynd af stöðu mála og þróuninni sem hefur orðið er vert að skoða hvernig skipanir hafa verið á tilteknum árum. Í töflu (að teknu tilliti til sameininga og breytinga ráðuneyta) sjást skipanir í nefndir á árunum frá 2007 til 2009. Á árinu 2009 voru

konur 44% þeirra sem tóku sæti í nefnd, en karlar 56%. Árið 2008 var hlutfall kvenna 43% en karla 57%. Til samanburðar sést að 2007 var hlutfall kvenna 37% á móti 63% karla. Það má því segja að kvótaákvæðið í 15. gr. jafnréttislaganna hafi strax haft áhrif.

Samkvæmt gögnunum frá ráðuneytunum voru 152 nefndir af 235 sem skipaðar voru á starfsárinu 2009 skipaðar í samræmi við 15 gr. eða 65% allra nefnda. Jafnréttisstofa gerði athugasemd við allar 83 nefndirnar sem ekki voru skipaðar í samræmi við 15. greinina og óskaði eftir rökstuðningi fyrir því hvers vegna vikið var frá meginreglu 15. greinarinnar. Í framhaldinu var lagt mat á það hvort þær ástæður sem gefnar voru upp töldust málefnalegar og gætu fallið undir undanþáguákvæði laganna. Ef svo var ekki, beindi Jafnréttisstofa þeim tilmælum til viðkomandi ráðuneyta að endurskipa í viðkomandi nefndir. Í framhaldi af þessu hafa ráðuneytisstjórnar nú ákveðið að samræma orðalag í bréfum þar sem óskað er eftir tilnefningum í nefndir og ráð og vísa á skilmerkilegan hátt til 15. greinarinnar sem tekur af öll tvímæli um hvernig tilnefningar skuli vera. Jafnréttisstofa reiknar með að þátttaka kvenna og karla í nefndastarfi á vegum ráðuneytanna á árinu 2010 verði ennþá jafnari en á árinu 2009.

Skipanir í nefndir:	2007		2008		2009	
	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar
Forsætisráðuneyti	34%	66%	40%	60%	51%	49%
Dómsmála- og mannréttindaráðn.	37%	63%	26%	74%	49%	51%
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	35%	65%	59%	41%	39%	61%
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	34%	66%	59%	41%	54%	46%
Fjármálaráðuneyti	42%	58%	50%	50%	40%	60%
Heilbrigðisráðuneyti	46%	54%	53%	47%	44%	56%
Iðnaðarráðuneyti	37%	63%	46%	54%	37%	63%
Mennta- menningamálaráðuneyti	39%	61%	42%	58%	50%	50%
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðn.	25%	75%	24%	76%	43%	57%
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðn.	25%	75%	24%	76%	29%	71%
Umhverfisráðuneyti	38%	62%	35%	65%	45%	55%
Utanríkisráðuneyti			50%	50%	38%	62%
Samtals	37%	63%	43%	57%	44%	56%

Jafnrétti í skólalastarfi

Í vor lauk tilraunaverkefninu Jafnrétti í skólalastarfi sem Jafnréttisstofa hélt utan um. Sveitarfélögin Akureyri, Hafnarfjörður, Kópavogur, Mosfellsbær og Reykjavík tilnefndu hvert um sig einn leikskóla og einn grunnskóla sem unnu ákveðið verkefni. Verkefnið voru af ýmsu tagi, allt frá því að skoða innra starf, náms- og starfsfræðslu, til heimspekiumræðu um jafnrétti við leikskólakennslu og skoðun á sögu okkar frá landnámi til nútímans út frá sjónarhóli kynjanna. Bókin *Þegar Friðrik var Friða, þegar Rósa var Ragnar* var þýdd úr dönsku en hún gefur mjög skemmtilega möguleika á umræðum eins og sjá má á heimasíðu verkefnisins www.jafnréttiskolum.is.

Helstu niðurstöður verkefnisins voru þær að kennara skortir sárlega þekkingu á kynjafræðum og þar með þeim mun sem er á stöðu kynjanna. Þá kom vel í ljós að árangur næst ekki nema að skólalastjórnendur séu með á nótunum og meðvitaðir um lagalegar og samfélagslegar skyldur sínar við að brjóta upp heftandi staðalmyndir kynjanna. Menntamálaráðuneytið mun nú taka við kyndlinum og halda verkefninu áfram eins og sjá má í nýrri framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum.

Ofbeldi á vinnustöðum

Frá því að umræður um kynbundnið ofbeldi urðu að alheimsviðfangsefni upp úr 1985, m.a. á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, hafa stöðugt komið fram nýjar hliðar á þessum geigvænlega vanda. Um 1990 tóku sjónir að beinast að kynferðislegri misnotkun á börnum og í kjölfar styrjaldanna í Rwanda og Bosnía komust skipulagðar nauðganir á áttasvæðum loks á dagskrá. Nú síðast hefur athygli verið vakin á nauðgunum sem eiga sér stað á hamfarasvæðum og í flóttamannabúðum þar sem konur og börn eru mjög varnarlau.

Á Vesturlöndum er nú mikið rætt um ofbeldi á vinnustöðum, bæði ofbeldi almennt og kynbundnið ofbeldi sem þar á sér stað. Finnskar rannsóknir sýna að ofbeldi á vinnustöðum er algengasta tegund ofbeldis þar í landi, algengara en ofbeldi í nánnum samböndum og ofbeldi á götum úti. Mun fleiri konur verða fyrir ofbeldi á vinnustöðum en karlar samkvæmt rannsóknum Finna. Þegar þetta er nefnt rekur fólk í rogastans en hugsíð t.d. um lögreglu og starfsfólk geðdeilda. Þá hefur komið í ljós að konur sem vinna við heimilishjálpu verða fyrir ótrúlega mikilli (kynferðislegri) áreitni og ofbeldi. Það er löngu tímabært að taka upp umræðu um ofbeldi á vinnustöðum hér á landi.

Rannsóknir á kynbundnu ofbeldi

Í haust lýkur viðamikilli rannsókn á ofbeldi í nánnum samböndum sem staðið hefur yfir undanfarin tvö ár í samræmi við ákvæði gildandi aðgerðaáætlunar gegn kynbundnu ofbeldi. Annars vegar var gerð stór símakönnun þar sem konur voru spurðar um reynslu sína af ofbeldi. Spurningalistinn var samhljóða erlendum lista sem lagður var fyrir konur í mörgum löndum. Niðurstöðurnar verða því samanburðarhæfar við það sem kom út úr alþjóðlegri könnun.

Bráðabirgðaniðurstöður sýna að

um 42% kvenna hafa orðið fyrir ofbeldi, hótunum og kynferðislegum sneringum eftir 16 ára aldur og ætla má að um 2400 konur hafi verið beittar líkamlegu ofbeldi á síðustu 12 mánuðum áður en könnunin var gerð. Um 22% kvenna sögðust hafa búið við ofbeldi í nánnum samböndum um ævina en 1,6% undanfarið ár eða um 1800 konur. Verulegur hluti lenti í lífshættu og 5% kvenna áttu von á barni þegar ofbeldið átti sér stað.

Jafnframt símakönnuninni var gerð rannsókn meðal flestra þeirra aðila

sem koma að ofbeldismálum á einn eða annan hátt. Spurningar voru lagðar fyrir úrtak skólalastjóra grunnskóla, starfsfólk í heilbrigðis- og félagsþjónustu, barnavernd og fulltrúa félagsamtaka til að kanna þekkingu, viðbrögð og úrræði sem eru í boði. Lokaniðurstöður verða kynntar síðar í haust. Eftir því sem best er vitað hefur ekki áður verið gerð svo viðamikil könnun þar sem bæði þolendur og fagstéttirnar sem eiga að sinna þeim eru spurðar spjörnum úr. Næst hlýtur röðin að koma að ofbeldismönnum sjálfum.

Alþjóðlegur jafnréttisskóli við Háskóla Íslands á öðru starfsári sínu

Alþjóðlegur jafnréttisskóli (*GET-programme*), samvinnuverkefni Háskóla Íslands og utanríkisráðuneytisins, er byggður upp að fyrirmynd Jarðhita-skóla, Sjávarútvegsskóla og Landgræðsluskóla Sameinuðu þjóðanna, sem eru allir reknir hér á landi og eru liður í þróunarsamvinnu Íslands. Jafnréttisskólinn stefnir að því að sækja um aðild að Háskóla Sameinuðu þjóðanna þegar uppbyggingar- og reynslutímabili hans líkur. Sigríður Þorgeirsdóttir, prófessor í heimspeki, og Irma Erlingsdóttir, forstöðumaður RIKK, hafa stýrt hugmyndavinnu, þróun og uppbyggingu skólans. Síðastliðið haust þegar skólinn var formlega settur á laggirnar eftir tveggja ára undirbúningsferli, kom Annadís G. Rúdólfsdóttir, doktor í félagssálfræði frá London School of Economics (LSE), til liðs við þær, en hún var ráðin sem námsstjóri skólans. Fyrstu styrkþegarnir

komu frá Afganistan í fyrri, en í ár er von á sex styrkþegum, frá Palestínu (þar af tveimur frá Gaza) og Afganistan. Á næsta ári hyggst skólinn bæta við sig nemendum frá Afríku.

Auk íslenskra sérfræðinga, embættismaða og aðgerðasinna kenna erlendir prófessorar og sérfræðingar við skólann. Í haust, á öðru starfsári skólans, mun Cynthia Enloe, prófessor í stjórnmálafræði við Clark-háskóla í Massachusetts, koma að kennslunni. Hún er leiðandi á sviði alþjóðasamskipta, friðargæslu og þróunarmála og hefur gefið út nokkur grundvallarit þar sem hún beitir gagnrýnum kynjafræðilegum nálgunum. Hún mun jafnframt halda opinberan fyrirlestur á vegum skólans og EDDU - öndvegisseturs 14. október í Hátíðasal Háskóla Íslands. Meðal annarra erlendra gesta má nefna Kunda Dixit, þekktan fjölmiðlamann frá Nepal, sem hefur

m.a. skrifað um vinnubrögð fjölmiðla á áttakavæðum og Önu Ebnöther, aðstoðaframkvæmdastjóra DCAF-stofnunarinnar í Genf (*Democratic Control of Armed Forces*), en hún er sérfræðingur í kyngervi og öryggismálum.

Jafnréttisskólinn veitir styrkþegum frá þróunarríkjum og áttakavæðum menntun, þjálfun og ráðgjöf um aðgerðir og leiðir til að koma á jafnrétti kynjanna. Með starfi sínu hefur skólinn einnig að markmiði að skapa umræðuvettvang um þróun jafnréttismála bæði hérlendis og erlendis.

Auk þess að hafa stuðning af starfi Rannsóknastofu í kvenna- og kynja-

fræðum við Háskóla Íslands (RIKK), vinnur Jafnréttisskólinn náið með EDDU - öndvegissetri. Markmiðið er að sú þekking sem skapast í starfinu efli rannsóknir á sviði jafnréttismála sem komi skólanum að góðu og örvi samfélagsumræðu og baráttu á þessu sviði á Íslandi.

Nánar um skólann: www.get.hi.is og öndvegissetrið www.edda.hi.is

Með kveðju,

Annadís G. Rúdólfsdóttir, námsstjóri
Alþjóðlegs Jafnréttisskóla,
Irma Erlingsdóttir, forstöðumaður RIKK og
framkvæmdastjóri EDDU-öndvegisseturs,
Sigríður Þorgeirsdóttir, prófessor í heimspeki
og formaður stjórnar Jafnréttisskólans.

Kynjuð hagstjórn og fjárlagagerð

Í apríl 2009 skipaði fjármálaráðherra verkefnisstjórnir kynjaðri hagstjórn sem fékk það verkefni að móta stefnu og undirbúa innleiðingu kynjaðrar hagstjórnar og fjárlagagerðar. Kynjuð hagstjórn og fjárlagagerð er tiltölulega ný aðferð við að meta og greina fjárlög. Fyrsta verkefnið í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð sem vitað er um er frá Ástralíu en árið 1984 voru áströlsku fjárlögin greind út frá kynjasjónarmiðum. Fleiri lönd fylgdu í kjölfarið en aðferðin fékk byr undir báða vængi eftir kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Peking árið 1995. Í dag hafa yfir 50 lönd tekið upp kynjaða hagstjórn og fjárlagagerð í einhverri mynd.

Kynjuð hagstjórn og fjárlagagerð er þegar kynja- og jafnréttissjónarmið eru samþætt inn í fjárlagaferlið. Þá er lagt kynjað mat á fjárlögin til þess að skoða hvernig fjármagn hefur verið nýtt og hvort þar hallar á annað kynið. Framlög til íþróttar eru gott dæmi um svið þar sem verulega hefur hallað á konur. Kynjasjónarmið eru því næst samofin stefnumótun þegar fjárhagsáætlanir

eru gerðar og upplýsingarnar nýttar til þess að endurskipuleggja tekju- og útgjaldaliði með það að markmiði að stuðla að jafnrétti kynjanna. Kynjuð hagstjórn og fjárlagagerð snýst þannig um að sameina þekkingu á kynjamisrétti og þekkingu á gerð fjárlaga. Kynjuð hagstjórn og fjárlagagerð er verkefni sem vinna á sem hluta af fjárlagaferlinu og á að lokum að verða samofin hefðbundnu starfi þeirra sem að fjárlagaferlinu koma.

Verkefnastjórnin hefur staðið fyrir fræðslu og þýðingu handbókar um kynjaða fjárlagagerð á íslensku. Nú eru í vinnslu tilraunaverkefni hjá öllum ráðuneytum. Markmið þeirra er að byggja upp sérþekkingu í hverju ráðuneyti fyrir sig ásamt því að þróa aðferðir sem henta fyrir íslenska fjárlagagerð. Verkefnastjóri hefur verið ráðinn tímabundið til að halda utan um tilraunaverkefnið og veraráðuneytum til ráðgjafar og aðstoðar. Verkefnið verða kynnt í *Fjárlagafrumvarpi 2011* og niðurstöðurnar í *Fjárlagafrumvarpi 2012*.

Anna

- Sviðsstjóri rekstrarsviðs Jafnréttisstofu

Nafn og aldur?

Auður Anna Hallgrímsdóttir, kölluð oftast Anna. Aldur er svo afstæður, mér finnst ég vera frekar ung.

Atvinna?

Sviðsstjóri rekstrarsviðs, byrjaði að vinna á Jafnréttisstofu opnunardaginn 15. sept. fyrir 10 árum. Fyrsti starfsmaður fyrir utan framkvæmdastýru.



Hvernig er að vinna á Jafnréttisstofu og hvað finnst þér hafa verið skemmtilegast?

Þetta er mjög fjölbreytt starf og skemmtilegt og gaman hvað Jafnréttisstofa hefur vaxið mikið á þessum tíma. Þá var gaman að flytja í nýtt húsnæði að Borgum, allt umhverfi miklu betra, áður höfðum við verið í Hvannavöllum 14 (gamla Linduhúsinu).

Hefur þú átt gæludýr?

Já ég hef átt nokkur lengst af átti ég írskan Setter eða í 13 ár, einnig hef ég setið uppi með dýr þegar börnin fóru að heiman. Núna passa ég stundum, er orðin svona hunda amma.

Hvaða tónleika fórst þú á síðast?

Hvannalsbræður, síðan var ég á Akureyrarvökunni.

Áhugamál?

Frá því ég var krakki hef ég alltaf haft mikinn áhuga á öllu handverki, hef farið á óteljandi námskeið, síðustu tvö árin hef ég verið að læra olíumálun.

Hvernig bíl langar þig mest í?

Mig langar mest að eiga gamla góða bílinn minn, en eiginmaðurinn var að kaupa nýjan bíl.

Hvað er uppáhalds lagið þitt?

Leonard Cohen er í uppáhaldi hjá mér og ég geri ekki upp á milli laganna hans.

Hvað langar þig helst "að verða"?

Gömul og heilsuhraust.

Hvað er framundan?

Fara í berjamó.

Hvað finnst þér að eigi að leggja áherslu á í jafnréttismálum?

Núna hef ég áhyggjur af fæðingarorlofinu, þetta er svo mikið jafnréttismál, það má ekki skerða það þannig að foreldrar geti ekki séð sér fært að taka sér fæðingarorlof.



Í 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi árið 2008 lásu leikarar upp úr íslenskum bókmenntum á Amtsbókasafninu á Akureyri.

Evrópuverkefni Jafnréttisstofu

Jafnréttisstofa hefur tekið þátt í og leitt verkefni styrkt af Evrópusambandinu. Fyrst í gegnum sérstakan sjóð á vegum jafnréttisáætlunar ESB en síðar í PROGRESS-áætlun Evrópusambandsins á sviði atvinnuvinnu- og félagsmála.

Menning, umgjörð og umhyggja: möguleikar karla og kvenna til foreldraorlofs

Fyrsta verkefnið sem Jafnréttisstofa stýrði var Menning, umgjörð og umhyggja - möguleikar karla og kvenna til foreldraorlofs, sem hófst 2003. Það var unnið í samstarfi við stofnanir í Þýskalandi, Spáni og Noregi. Samstarfsstofnanir á Íslandi voru Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands og Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri. Tilgangur verkefnisins var að skoða samspil kynjahlutverka, menningar og siðvenja, laga og reglugerða, og hvernig þessir þættir hindra eða auka möguleika kvenna og karla til að vinna saman að uppeldi barna sinna.

Sports, Media and Stereotypes

Árið 2004 leiddi Jafnréttisstofa verkefnið *Sports, Media and Stereotypes* en það var tvíþætt. Annars vegar var gerð rannsókn á staðalímyndum kynjanna í íþróttum og íþróttufréttum og hins vegar voru niðurstöður rannsóknarinnar notaðar til að gera fræðslufni fyrir íþróttamenn, íþróttakennara og þjálfara. Fræðslufnið var gefið út á margmiðlunardiski og dreift víða. Markmið fræðslufnisins er að hvetja til breytinga á birtingarmyndum kynjanna í íþróttum og íþróttufréttum. Verkefnið var unnið í samstarfi við stofnanir í Noregi, Austurríki, Litháen og Ítalíu. Samstarfsaðilar á Íslandi voru Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri, námsbraut í fjölmíðlafræði við Félagsvísinda- og laga-deild Háskólans á Akureyri, Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands, Samtök íþróttamanna og Íþrótt- og Ólympíu-samband Íslands.

Modern Men in Enlarged Europe I & II

Nútímakarlar í stækkaðri Evrópu var verkefni sem Jafnréttisstofa tók þátt í á árunum 2004 til 2006. Markmið með fyrri hluta verkefnisins var að breyta kynjaímyndum með því að hvetja karla til þess að taka upp ný og nútímaleg hlutverk. Seinni hluti verkefnisins fékk yfirskriftina *Family-Friendly Policies*. Markmið var að skoða hvaða samfélagslegu breytingar gætu haft áhrif til að auka möguleika karla til að samræma fjölskyldulíf og atvinnulíf og stuðla þannig að auknu kynjajafnrétti. Litháen, Danmörk og Malta tóku þátt í þessu verkefni ásamt Íslandi.

FOCUS

Jafnréttisstofa tók þátt í verkefninu *FOCUS: Fostering Caring Masculinities* en það verkefni var unnið að frumkvæði Noregs í samstarfi við Slóveníu, Spán og Þýskaland. Markmið verkefnisins var að rannsaka og bæta tækifæri karla til að samhæfa atvinnu og fjölskyldulíf í þeim tilgangi að styrkja og ýta undir vilja karla til að taka að sér umönnunarhlutverk. Verkefnið miðaði að því að greina hvaða hindranir, sérstaklega í atvinnulífi, séu í vegi fyrir því að karlar taki meiri þátt í fjölskyldulífi.

ritið er handbók um framkvæmd kynjasambættingar en síðari bókin kynnir grundvallar hugmyndafræði kynjasambættingar auk þess að fara yfir gerð jafnréttisáætlana. Einnig hafa erlendir sérfræðingar haldið námskeið fyrir fólk í íslenskri stjórnsýslu. Ráðgert er að verkefninu verði fram haldið út árið 2012 með frekara námskeiðahaldi. Heimasíða verkefnisins er www.samstiga.is

Afnemum staðalímyndir

Árið 2009 tók Jafnréttisstofa þátt í Evrópuverkefni um afnám heftandi staðalímynda með hvatningu til stjórn-

enda og framkvæmdastjóra um að nýta mannauðinn í fyrirtækjum sem best. Markmið verkefnisins var að hjálpa litlum og meðalstórum fyrirtækjum að eflast með því að segja skilið við staðalímyndir kynjanna og hámarka möguleika starfsmanna. Að verkefninu komu öll þau lönd sem aðild eiga að Evrópusambandinu auk EFTA landanna.

Hér á landi og voru haldin námskeið og námsefni þýtt en það miðar sérstaklega að því að fræða atvinnurekendur en nýtist einnig til kennslu á ýmsum stigum. Heimasíða verkefnisins er www.businessandgender.eu



Opnun Jafnréttisstofu árið 2000: Steingrímur J. Sigfússon, alþingismaður, Sigríður Lillý Baldursdóttir, skrifstofustjóri, Valgerður H. Bjarnadóttir, framkvæmdastjóra, Elín Lindal, formaður Jafnréttisráðs, Kristján Júlíusson, bæjarstjóri og Páll Pétursson, félagsmálaráðherra.

Tea for Two, illustrating equality

Þetta verkefni hét á íslensku Jafnréttisvugin og var samstarfsverkefni Búlgaríu, Finnlands, Grikklands, Noregs og Íslands. Markmið var að safna gögnum um þátttöku kynjanna í sveitarstjórnunum og stöðu jafnréttismála hjá sveitarfélögum ásamt því að þróa tæki til gagnaöflunar og mælingar. Niðurstöðurnar voru settar fram á landakorti og gerðar aðgengilegar almenningi. Þetta var gert til að hvetja sveitarstjórnir til að gæta jafnréttis og fylgjast með stöðu og þróun jafnréttismála hjá sveitarfélögum. Vinna að verkefninu hófst árið 2006 og stóð allt árið 2007. Nú er unnið að því að sniða Jafnréttisvögina að íslenskum þörfum og nýta hana áfram til eftirlits og hvatningar fyrir sveitarfélög.

Side by side - Samstíga

Verkefnið *Samstíga* hófst árið 2008. Markmið verkefnisins er að efla sambættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í opinberri stjórnsýslu. Í tengslum við verkefnið hafa verið haldin mörg námskeið ásamt því að gefin hafa verið út tvö rit um kynjasambættingu. Fyrra

Kvennafrí - kvennaverkfall

Á þessu ári eru 35 ár liðin frá kvennafrídeginum 1975 þegar megin þorri kvenna á Íslandi lagði niður stórf til að leggja áherslu á mjög svo vanmetið vinnuframlag kvenna. Þann 24. október 1975, á kvennaári Sameinuðu þjóðanna var haldinn stærsti útifundur á Íslandi til þess tíma er konur söfnuðust saman á Lækjartorgi í Reykjavík og sungu: Hvers vegna kvennafrí, konurnar fagna því. Nú í október stendur mikið til. Fjöldi kvennasamtaka hefur sameinast um aðgerðir sem að þessu sinni snúast annars vegar um ofbeldi gegn konum, hins vegar um launamisréttið og vinnuna.

Aðgerðirnar hefjast á því að haldin verður norræn ráðstefna um nauðganir 22.-23. október. Þann 24. október sem ber að þessu sinni upp á sunnudag verður haldin alþjóðleg ráðstefna um ofbeldi gegn konum og mánudaginn 25. október verða konur hvattar til að ganga út af sínum vinnustað kl. 14:25 en þá hafa þær unnið um það bil 65% vinnudagsins sem er það hlutfall sem konur hafa að meðaltali af launum karla.

Mikill áhugi er á þessum aðgerðum erlendis og er von á fjölda gesta til landsins. M.a. kemur Rashida Mansjoo sem er sérstakur umboðsmaður baráttunnar gegn kynbundnu ofbeldi hjá Sameinuðu þjóðunum. Allir þessir viðburðir verða í Reykjavík en búast má við að konur um allt land taki þátt með fundum eða öðrum aðgerðum. Heimasíða: kvennafrí.is

Karlar til ábyrgðar

Það er þekkt að efnahagslegar þrengingar skapa skilyrði aukinnar streitu á heimilum og hafa í för með sér aukningu á ofbeldi í nánnum samböndum. Mikilvægt er því að sporna við því eins og framast er unnt. Verkefnið Karlar til ábyrgðar (KTÁ) er eina úrræðið hérlendis þar sem karlar geta fengið aðstoð til að temja sér aðra samskiptahætti en ofbeldi. Verkefnið byggir á sálfræðilegri meðferð þar sem karlar fá hjálp við að láta af ofbeldisbeitingu í nánnum samböndum. Bæði hérlendis og erlendis hefur það sýnt sig að

úrræði þessarar gerðar skila verulegum árangri í betra lífi og aukinni lífsánægju allra þeirra sem hafa þurft að búa við ofbeldi, karlanna sjálfra og fjölskyldu.

KTÁ starfaði fyrst á árunum 1998 - 2001 þegar því var lokað sökum fjárskorts. Verkefnið var endurvakið árið 2006 og umsjón þess fluttist til Jafnréttisstofu árið 2007. Frá þeim tíma hafa yfir annað hundrað karlar leitað til KTÁ. Meðferðin er í höndum sálfræðinganna Andrésar Ragnarssonar og Einars Gylfa Jónssonar en þeim til stuðnings hefur verið stýrihópur sem skipaður er Ingólfi V. Gíslasyni dósent, Sigbrúði Guðmundsdóttur framkvæmdastýru Kvænnaathvarfsins og Tryggva Hallgrímssyni frá Jafnréttisstofu.

KARLAR TIL
ÁBYRGÐAR



Kvennasöguganga um Innbæinn á Akureyri

Jafnréttisstofa kemur að ýmsum uppákomum ár hvert en kvennasöguganga í samstarfi við Akureyrarbæ, Minjasafnið á Akureyri og Zontaklúbbana í bænum er orðin árviss viðburður 19. júní á Akureyri.

Þátttakendur í göngunni hafa verið í kringum 100 manns síðastliðin þrjú ár en auk þess að vera góð útivera er markmið göngunnar að glæða hús í

Innbænum lífi og göngugestir upplifa nýja og áhugaverða tengingu við húsinn sem varpar ljósi á líf kvenna sem höfðu margar hverjar mikil áhrif á líf bæjarbúa á sínum tíma.

Kvennasögugangan er aðgengileg á vef Jafnréttisstofu og Minjasafnsins á Akureyri þannig að gestir bæjarins og bæjarbúar eiga möguleika á að fara í gönguna þegar þeim hentar.

Kyn og loftslagsbreytingar

Eitt nýjasta viðfangsefni kynjaumræðunnar er áhrif loftslagsbreytinga á kynin hvort um sig. Rannsóknir sýna að náttúruhamfarir bitna miklu harðar á konum en körlum, meðan samfélagsbreytingar á norðurlöndum í kjölfar minnkandi veiða koma verr við karla en konur. Þá er sjónum beint æ meir að mismunandi neysluháttum kynjanna, t.d. nota karlar einkabíla mun meira en konur. Þeir borða líka miklu meira kjöt en konur en kjöfframleiðsla veldur mikilli mengun. Konur nýta sér aftur á móti almenningsamgöngur í mun ríkara mæli en karlar.

Neikvæð hlið á neysluvenjum

margra kvenna er notkun snyrtivara og mikil fatakaup en hvort tveggja kallar á notkun mengandi efna og flutning vara milli heimsálfa. Konur bera enn meiri ábyrgð á neyslu heimilanna og geta þar með haft gríðarleg áhrif til að draga úr mengun, m.a. með því að spara orku og kaupa vistvænar vörur sem karlar eiga auðvitað að gera líka.

Bæði kyn eiga rétt á að koma að allri stefnumótun og ákvarðanatöku um framtíð okkar en eins og sakir standa er um það bil ein kona á móti tveimur körlum við samningaborðin þar sem rætt er um nýjan loftslagsáttmála og framtíð jarðarinnar.


Foreldraorlof - umönnunarstefna og staða kynjanna

Hvernig fjölskylduform eru viðurkennd í norrænni velferðarstefnu? Hvaða fjölskyldugildum og hvernig sambýlisformi er veittur forgangur í fjölmenningar-

samfélagi nútímans? Væri orlof með hlutastarfi vænleg leið að auknu jafnrétti kynjanna? Leitað var svara við þessum spurningum og mörgum öðrum á norrænni ráðstefnu um foreldraorlof - umönnunarstefnu og stöðu kynjanna á Norðurlöndum, sem fram fór í Reykjavík 22. október 2009.

Jafnréttisstofa stóð að ráðstefnunni fyrir hönd félags- og tryggingamálaráðuneytisins en Íslendingar gegndu formennsku í Norrænu ráðherranefndinni á liðnu ári. Norrænir og alþjóðlegir fræðimenn ræddu rannsóknir sínar á fæðingarorlofi og báru saman ólíkar lausnir í norrænu ríkjum. Meðal þess sem fjallað var um var hvar og hvernig jafnréttisvænu velferðarsamfélagi verði náð. Samfélagi þar sem hægt er að samræma einkalíf og atvinnuþátttöku og sinna sem best þörfum karla, kvenna og barna.

Í tengslum við ráðstefnuna var gefið út ráðstefnurit í ritröð TemaNord, sem aðgengilegt er á heimasíðu Norrænu ráðherranefndarinnar www.norden.org



Kyn og völd

Í vor kom út síðari hluti skýrslunnar Kyn og völd á Norðurlöndum. Í fyrri hlutanum er að finna samantekt um kyn og völd í hverju landi fyrir sig, annars vegar í stjórnmálum, hins vegar atvinnulífi. Í síðari hlutanum eru greinar þar sem farið er dýpra í orsakir og afleiðingar valdamisvægis í samfélögum okkar, leitað skýringa og bent á leiðir til úrbóta.

Norðurlöndin eru meðal fremstu ríkja heims hvað varðar hlut kvenna á þjóðþingum og í sveitarstjórnunum. Svíþjóð er í öðru sæti á heimslistanum og Ísland í því fimmta. Þegar litið er á hlut kvenna í stjórnunum og stjórnunarstöðum versnar ástandið verulega nema í Noregi þar sem kynjakvótí var innleiddur fyrir nokkrum árum.



Niðurstöður skýrslunnar sýna að hvað þennan þátt varðar stendur Ísland sig verst! Skýrslurnar eru bæði til prentaðar og á netinu á vef Norrænu ráðherranefndarinnar, www.norden.org. Það voru þær dr. Auður Styrkarsdóttir stjórnmálafræðingur og dr. Guðbjörg Linda Rafnsdóttir félagsfræðingur sem báru ábyrgð á íslenska hlutanum.

Evrópusáttmáli um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum

Sex íslensk sveitarfélög hafa undirritað Evrópusáttmála um jafna stöðu karla og kvenna í sveitarfélögum og héruðum en þau eru Akranes, Akureyrarbær, Hafnarfjarðarbær, Kópavogsbær, Mosfellsbær og Reykjavíkurborg.

Evrópusáttmálinn um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum spannar öll svið sveitarfélaga þar sem þörf er talin á jafnréttisáðgerðum, frá félagsþjónustu til skipulagsmála. Hann býður upp á aðferðir fyrir sveitarfélög til að ná fram jafnrétti í reynd. Lögð er áhersla á samþættingu kynjasjónarmiða á öllum stigum og sviðum og mat á áhrifum stefnumótunar og ákvörðunartöku á hvort kynið fyrir sig. Tekið er sérstaklega á margfaldri mismunun, sem fyrir utan kyn getur átt rót sína að rekja til kynþáttar, kynhneigðar, aldurs o.fl. Sveitarfélög skulu beita sér fyrir því að samstarfsaðilar þeirra virði jafnréttissjónarmið, svo sem í samningum um kaup á vörum og þjónustu og í samstarfssamningum við félagsamtök.

Sveitarfélög skulu innan tveggja ára frá undirritun sáttmálans setja fram aðgerðaráætlun um hvernig þau muni framkvæma ákvæði samningsins. Þau hafa svigrúm til að forgangsraða markmiðum og setja sér tímaramma. Jafnréttisstofa mun aðstoða sveitarfélög við innleiðingu sáttmálans en fulltrúar ofangreindra sveitarfélaga hafa komið saman á fundum til að miðla af reynslu og hafa samráð um bestu leiðir til að innleiða sáttmálann.

Rúmlega 750 sveitarfélög og héruð í 21 landi í Evrópu hafa undirritað sáttmálann. Svíar eru komnir hvað lengst í innleiðingu hans. Jafnréttisfulltrúar sveitarfélaga geta kynnt sér reynslu Svía í haust þegar fulltrúi þeirra mun koma hingað til lands á vegum Jafnréttisstofu og Sambands íslenskra sveitarfélaga og miðla af reynslu sinni.

Afmæliskveðjur



Sendi mínar bestu hamingjuóskir til starfsfólks Jafnréttisstofu á 10 ára afmælinu! Gangi ykkur áfram vel að sinna ykkar mikilvægu störfum við að rannsaka, fræða og vekja athygli á stöðu kvenna og karla á Íslandi.

Baráttukveðja!
Ingunn Helga Bjarnadóttir,
verkefnastjóri starfspróunar
hjá Akureyrarbæ.

Bestu heillaóskir með von um að Jafnréttisstofa verði sem fyrst óþörf
Bestu kveðjur,
Ingólfur V. Gíslason,
félagsfræðingur.



Mikilvægi Jafnréttisstofu fyrir íslenskt samfélag er ótvíætt og hefur starfsfólk stofnunarinnar skilað frábæru starfi í þágu jafnréttismála síðastliðin tíu ár. Það mér sönn ánægja að hafa unnið ykkur við hlið um stund. Til hamingju með þennan merka áfanga.

Afmæliskveðjur,
Guðmundur Oddsson, félagsfræðingur.

Til hamingju með daginn Jafnréttisstofa. Megi áframhaldandi starf þitt að jöfnum rétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla verða farsælt og draumurinn um raunverulega jafna stöðu kynjanna á öllum sviðum rætast.

Bestu kveðjur,
Katrín Björg Ríkarðsdóttir,
framkvæmdastjóri samfélags- og
mannréttindaeildar Akureyrar



Um leið og ég óska Jafnréttisstofu hjartanlega til hamingju með 10 ára afmælið, vil ég þakka stofunni og hennar frábæra starfsfólki fyrir farsælt og skemmtilegt samstarf undanfarin ár, og ég hlakka til að fylgjast með Jafnréttisstofu blómstra enn frekar á komandi árum.

Arnar Gíslason,
jafnréttisfulltrúi Háskóla Íslands

Kynungabók komin út

Markmiðið með útgáfu *Kynungabókar* er að veita raunsæja mynd af stöðu kynjanna í samfélaginu og vekja ungt fólk til umhugsunar um hvernig mismunandi hugmyndir, umhverfi og tími hafa áhrif á mótun ungra stúlkna og drengja. Jafnframt er löggö áhersla á að ritið höfði til ungmenna og að þau geri sér grein fyrir að jafnréttismál varða bæði kynin og eru öllum til hagsbóta. Í ritinu eru hnitmiðaðar upplýsingar úr rannsóknum, gagnagrunnum, lögum og reglugerðum. *Kynungabók* er hugsuð sem eftirfylgni við lagaákvæði um jafnréttisfræðslu og er hluti af innleiðingu á nýrri menntastefnu þar sem jafnrétti, lýðræði, sjálfbærni, læsi og sköpun eiga að vera í öndvegi í öllu skólastarfi.

Bókin er ætluð ungmennum á aldrinum 15-25 ára og á því að ná til nemenda á þremur skólastigum; grunnskólum, framhaldsskólum og háskólum. Vonir standa til að allir þeir sem koma að uppeldi og kennslu ungmenna geti nýtt sér ritið. Níu kennarar, þrjú af hverju skólastigi, munu kenna ritið í vetur í samstarfi við ráðuneytið en þeir koma að jafnréttisfræðslu í sínum skólum. Jafnframt er vonast til að *Kynungabók* komi kennaranemum,

Kynungabók



höfundum námsefnis og þeim sem vinna að skólaþróun að góðum notum.

Kynungabók verður dreift til stofnana sem heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneytið, sem gaf bókina út, til bókasafna og annarra sem gætu nýtt sér ritið. Félagsg- og tryggingamálaráðuneytið, fjármálaráðuneytið, forsætisráðuneytið, Háskóli Íslands, iðnaðarráðuneytið, Jafnréttisstofa, Kópavogsbær og Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum styrktu útgáfuna.

Mikilvægi kyngreindra upplýsinga

Samkvæmt jafnréttislögum ber öllum opinberum stofnunum skylda til að kyngreina upplýsingar við opinbera hagskýrslugerð. Ef það er ekki gert er hættu á að kynjamunur sem veitir mikilvægar upplýsingar komi ekki fram.

Dæmi um athyglisverðar kyngreindrar upplýsingar er að finna í ársskýrslu Tryggingastofnunar ríkisins fyrir árið 2009. Þar kemur í ljós verulegur kynjamunur hvað varðar fjölda aldraðra og öryrkja og ekki síst hvað varðar greiðslur til þessara hópa. Mun fleiri aldraðar konur (72%) en karlar fá

greiðslur sem ætlaðar eru þeim sem hafa mjög litlar tekjur, svo sem heimilisuppbót. Þá vekur athygli að miklu fleiri konur (87%) á vinnualdri fá greiddar umönnunarbætur með fötluðum og langveikum börnum og greiðslur vegna fátæktar (96%). Þá eru 95% þeirra barna sem meðlög eru greidd með skráð hjá móður. Þarna er mjög athyglisverður munur á kynjunum sem varpar ljósi á fátækt kvenna, launamisrétti sem á sér rætur langt aftur í tímann sem og ábyrgð á börnum. Það er greinilega mikið verk að vinna við að jafna stöðu kynjanna.

Útgáfa fræðsluefnis fyrir leik- og grunnskóla

Lítið hefur verið til af góðu og aðgengilegu jafnréttisfræðsluefni fyrir börn á leikskólaaldri og börn á yngsta stigi í grunnskóla. Í kjölfar þróunarverkefnisins Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum hafa tvær kennslubækur fyrir þessa aldurshópa komið út.

Fyrri bókinni *Þegar Friðrik var Friða / Þegar Rósa var Ragnar* er ætlað að skapa umræður með ungum börnum um kynhlutverk og jafnrétti. Í bókinni

eru tvær sögur, Sagan um Friðrik og Sagan um Rósu sem vakna morgun einn sem gagnstætt kyn. Við fylgjumst með þeim í einn dag, bæði heima og í leikskólanum, og fáum að upplifa væntingar og kröfur sem gerðar eru til þeirra út frá kyni. Bókin endurspeglar veruleikann eins og hann er, það er að stelpur og strákar fá mismunandi skilaboð frá öðrum börnum og frá fullorðnum. Leikskólinn Lundarsel á

Akureyri tók þátt í þróunarverkefninu Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum skólaárið 2008-2009 og þar var bókin notuð í heimspekivinnu með leikskólabörnum. Starfsfólk Lundarsels vann kennsluleiðbeiningar með bókinni sem nálgast má á síðunni www.jafnrettiaskolum.is.

Hin bókinn heitir *Eru fjöllin blá?* en í henni er unnið með 10 klípusögur sem snúa að heimi barna, upplifun þeirra á

daglegu lífi og tilfinningum. Höfundur bókarinnar, Íris Arnardóttir, fékk Hvattningarviðurkenningu Kópavogsbæjar í maí 2010 fyrir vinnu sína að jafnréttisfræðslu í Hörðuvallaskóla.

Íris hefur einnig skrifað jafnréttisfræðsluefni fyrir eldri bekkir grunnskóla og kemur hún út í haust. Sú bók ber heitið *Huxarinn*.



Slagið á léttu strengi á landsfundi jafnréttisnefnda á Ísafirði árið 2009.



Þátttakendur í málstofu um átakið „Afnemum staðalmyndir kynjanna, leyfum hæfileikunum að njóta sín“ á Hótel KEA á Akureyri haustið 2009. Málstofur voru einnig haldnar á Hótel Sögu í Reykjavík.



Nemendur í MA tóku virkan þátt í 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi í desember 2009.



Drengir í 8. bekk í Lundarskóla heimsækja Jafnréttisstofu.

Sveitarstjórnakosningar - þá og nú

Hluttur kvenna í sveitarstjórnnum á Íslandi hefur hægt og bitandi aukist síðastliðna hálfu öld. Á tímabilinu 1958 til 1978 jókst hluttur kvenna í sveitarstjórnnum, frá því að vera 1% í það að vera 6%. Með aukinni umræðu um mikilvægi þátttöku beggja kynja í ákvarðanatöku í samfélaginu, m.a. í tengslum við tilurð sérstakra kvennaframboda varð nokkur stígandi í þátttöku kvenna í stjórn málum á sveitarstjórnarstigi.

Konur voru 13% kjörinna fulltrúa árið 1982 og 19% árið 1986. Árið 1990 varð hluttur kvenna í sveitarstjórnnum 22%, árið 1994 25% og 1998 voru konur 28% fulltrúa í sveitarstjórn. Árið 2002 voru konur orðnar 32% og eftir kosningar árið 2006 voru konur 36% kjörinna fulltrúa. Þannig hefur hluttur kvenna í sveitarstjórnnum aukist jafnt og þétt síðustu áratugi.

Í sveitarstjórnarkosningunum 2010



hlutu 512 einstaklingar kosningu þar af 308 karlar og 204 konur. Konur eru því í dag 40% allra kjörinna fulltrúa í íslenskum sveitarstjórnnum og í meirihluta í 16 sveitarstjórnnum af 76. Aðeins eitt sveitarfélag hefur enga konu meðal fulltrúa í sveitarstjórn (Akrahreppur), en eftir kosningar 2006 átti slíkt við um alls fimm sveitarfélög. Þessi þróun ber því vott um framför í jafnréttismálum sem Jafnréttisstofa fagnar sérstaklega.

Bæklingur um lagaleg réttindi kvenna af erlendum uppruna

Jafnréttisstofa tekur þátt í verkefni á vegum Mannréttindaskrifstofu Íslands sem nefnist Equality into Reality. Verkefnið er styrkt af PROGRESS - sjóði Evrópusambandsins og er megið þessa þess „með fjölbreytni - gegn mismunun“. Jafnréttisstofa mun ásamt fleirum gefa út bækling um lagaleg réttindi kvenna af erlendum uppruna.

Texti bæklingins er unninn af Stígamótum í nánú samstarfi við þá aðila sem starfa að málefnum innflytjenda á Íslandi og er áætlað að hann komi út í október. Bæklingurinn verður gefinn út á ensku, rússnesku, pólsku, spænsku, tailensku og íslensku.

Teikni- og ljóðasamkeppni

Jafnréttisstofa og Eymundsson stóðu fyrir teikni- og ljóðasamkeppni árið 2009. Nemendur í grunnskólum landsins voru duglegir að senda inn myndir og ljóð en 148 nemendur sendu stofunni efni. Höfundum tveggja mynda og ljóða voru veitt verðlaun fyrir bestu verkin auk þess sem ein mynd var valin til að prýða jólakort Jafnréttisstofu.

Fríðjón Arnarson og Ingibjörg Veiga Ómarsdóttir hlutu verðlaun fyrir bestu myndirnar en þau voru í 4. bekk í Vogaskóla. Guðný Hannesdóttir og Halldór Falur Halldórsson fengu verðlaun fyrir bestu ljóð keppinnar en þau voru nemendur á unglingastigi í Landakotsskóla. Verðlaunaafhending fór fram á námsstefnu um jafnrétti í skólalastarfi sem fram fór í Salnum í Kópavogi.

Eymundsson færði nemendum vegleg verðlaun og allir þátttakendur fengu penna að gjöf frá fyrirtækinu.

Jafnréttisstofa þakkar kennurum og nemendum fyrir frábærar myndir og ljóð.

KYN

Kyn er skilgreining tveggja hluta af sama fletinum. Á milli stendur óáþreifanleg brú sterktýpna samfélagsins. Mismunur þess líkamlega hefur haft áhrif á það andlega. Hvenær munum við skilja að við erum aðeins tveir helmingar af sama fletinum?

Guðný Hannesdóttir,
9. bekk í Landakotsskóla.

JAFNRÉTTI KYNJA

Strákur og stelpa haldast í hendur úti í garði þar leika þau sér, skemmta sér og hafa gaman. Þau segja, við erum jafn mikils virði þú og ég, við leikum okkur og við skemmtum okkur saman. Við erum bestu vinir. Við erum jöfn!

Halldór Falur Halldórsson,
8. bekk í Landakotsskóla.



Fríðjón Arnarson tekur við verðlaunum fyrir bestu mynd.



Ingibjörg Veiga Ómarsdóttir tekur við verðlaunum fyrir bestu mynd.